



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

632. stjórnarfundur þriðjudaginn 7. janúar 2025 kl. 17:00.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Jónína Steinunn Helgadóttir, Eva Björk Sveinsdóttir, Garðar Örn Arnarson, Sveinbjörg Sigurðardóttir og Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi á fundi: Stefán Guðjónsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Engin.

3. Send bréf

Ítrekunarbréf sent á mennta- og barnamálaráðuneytið varðandi styrk fyrir börn sem eru í leit að alþjóðlegri vernd.

4. Aðalfundir deilda 2025

1. **Badmintondeildin** miðvikudaginn 15. janúar kl. 18:00.
2. **Taekwondodeildin** mánudaginn 20. janúar kl. 20:00.
3. **Sunddeildin** miðvikudaginn 22. janúar kl. 20:00.
4. **Skotdeildin** fimmtudaginn 23. janúar kl. 20:00.
5. **Blakdeildin** mánudaginn 27. janúar kl. 18:00.
6. **Fimleikadeildin** mánudaginn 27. janúar kl. 20:00.
7. **Rafíþróttadeildin** miðvikudaginn 29. janúar kl. 18:00.
8. **Knattspyrnudeildin** miðvikudaginn 29. janúar kl. 20:00.
9. **Körfuknattleiksdeildin** fimmtudaginn 30. janúar kl. 20:00.

Fundardagskrá verður send út á morgun miðvikudag 8. janúar.

5. Aðalfundur Keflavíkur

Ákveðið að halda aðalfund Keflavíkur 18. febrúar kl. 19.00. Búið er að skipa nefnd sem á að koma með tillögur að reglum varðandi afhendingu á heiðursmerkjum Keflavíkur.

6. Lagabreytingar

Kominn er tími á að gera breytingar á lögum félagsins eða uppfæra lögin. Nefnd hefur farið yfir lögin og komið með tillögu að breytingum. Framkvæmdastjóra falið að athuga með að fá lögfræðing frá UMFÍ eða ÍSÍ til að yfirfara tillögurnar sem eru komnar.

7. Aðalfundargerðir deilda

Umræða um að fá aðalfundargerðir deilda á heimasíður þeirra. Framkvæmdastjóri ræðir það við stjórnir.

8. Jólableð Keflavíkur

Jólableð Keflavíkur var gefið út bæði rafrænt og prentað í 300 eintökum. Allir á því að vel hafi tekist til við gerð blaðsins í ár. Flettingar á blaðinu eru komnar í tæpar 2000 flettingar á ISSUU samanber 360-70 flettingar á blöðunum á undan, sem verður að teljast mjög gott. Einnig er búið að skoða auglýsinguna með jólableðið 8000 sinnum á samfélagsmiðlum.

9. Önnur mál

- A. Klárað verður að setja gervigrasið í Reykjaneshöllina um næstu helgi.
- B. ÍRB hófið verður á sunnudaginn kl. 17:00.
- C. Þorablót Keflavíkur verður laugardaginn 18. janúar.
- D. Aðalstjórn fékk viðurkenningaskjal frá Abler. Við erum að nýta Abler mjög vel.

Fundi lokið kl. 18:20.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 21. janúar 2025.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.